

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 241. FUNDUR.

241. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 23. september 2014 kl. 9:30 í fundarsal Ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Stefán Einar Böðvarsson, aðalmaður, Sigríður Elva Ársælsdóttir, varamaður Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

### Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

### Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 3. dagskrárlið, fundartíma næsta sveitarstjórnarfundar. Samþykkt með 7 atkvæðum.

## 1. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2014. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs kynnti.

### Lögð fram eftirfarandi tillögur um viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014:

#### Viðauki 11.

- 0001 Útsvar, tekjur hækka um **kr.22.000.000**
- 0010 Framlög Jöfnunarsjóðs, hækka um **kr. 13.000.000**
- 0202 Félagsþjónusta innri þjónusta, tekjur lækka um **kr. 6.200.000**
- 0243 Heimilisþjónusta, rekstrarkostnaður lækkar um **kr. 700.000**
- 0402 Fræðslu- og félagsmálastjóri innri færslur, rekstur lækkar um **kr. 3.800.000**
- 04111 Leikskóli rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 6.900.000**
- 04112 Grunnskóli Borðeyri, rekstrarkostnaður lækkar um **kr. 850.000**
- 04211 Grunnskóli Hvt. rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 4.664.000**
- 04511 Tónlistarskóli rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 4.205.000**
- 0521 Bóka-og héraðsskjalasafn rekstrarkostnaður lækkar um **kr. 2.000.000**
- 0951 Byggingafulltrúi, rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 700.000**
- 1102 Umhverfisstjóri, rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 200.000**
- 2130 Leiga á ónotuðu húsnæði hækkar um **kr. 11.780.000**
- 2140 Bæjarskrifstofa, rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 10.000.000**
- 2190 Ófyrirséð lækkar um **kr. 2.906.000**
- 31101 Skólavegur 2, grunnskóli innri tekjur hækka um **kr. 979.000**
- 31102 Laugarbakkaskóli rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 800.000**
- 3180 Eignasjóður yfirstjórn, rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 150.000**
- 3321 Þjónustumiðstöð, rekstrarkostnaður hækkar um **kr. 400.000**

Breytingar eru vegna flutnings grunnskóla frá Laugarbakka til Hvammstanga, aukaaksturs, nýrra kjarasamninga, breytinga á stöðugildum og starfsmannaskiptum. Rekstrarafgangur hækkar um **kr. 236.000**.

**Viðauki 12.**

11 Umhverfismál gjöld hækka um kr. 1.500.000, vegna fleiri sumarstarfsmenn en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. kostnaði verði mætt með lækkun á eigin fé. Viðaukarnir bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

**2. Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar ársins 2015**

Farið yfir tillögur að skipulagi vinnu við áætlunargerðina, helstu forsendur áætlunar, gjaldskrár ofl.

**3. Lögð fram tillaga um að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 21. október nk. kl 15:00** Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:59

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Elín R. Líndal

---

Valdimar Gunnlaugsson.

---

Sigríður Elva Ársælsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir  
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs